

6. gr.

Stjórn sjóðsins skipa fimm menn. Skal einn þeirra tilnefndur af ættingjum Jónasar heitins, tveir fulltrúar skíðamanna tilnefndir af Skíðaráði Akureyrar, einn fulltrúi Skíðaráðs Akureyrar og einn fulltrúi fyrirtækjanna Samherja og Ísbergs. Tilnefningar gilda í tvö ár í senn, í fyrsta sinn til 1. maí 1992.

7. gr.

Reikningar sjóðsins skulu vera endurskoðaðir árlega af tveimur endurskoðendum, er skipaðir séu af Skíðaráði Akureyrar, Samherja og Ísbergi. Skal annar þeirra vera löggiltur endurskoðandi ef tök eru á því. Reikningsár sjóðsins skal vera almanaksárið.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í útibúi Landsbanka Íslands á Akureyri eða annarri ríkis-tryggðri stofnun, með sem hagstæðustu kjörum. Eigi má lána úr sjóðnum eða veðsetja hann, enda sé sjóðurinn í ábyrgð sjóðsstjórnar.

9. gr.

Breytingar á skipulagsskrá þessari má því aðeins gera, að þær hljóti samþykki allra stjórnarmanna.

10. gr.

Verði sjóðurinn lagður niður, skal fé hans renna óskipt til Skíðaráðs Akureyrar.

11. gr.

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 19. september 1990.

F. h. r.

Þorsteinn Geirsson.

Fanneý Óskarsdóttir.

AUGLÝSING

um umferð í Reykjavík.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fenginni tillögu borgarráðs hefur verið ákveðið:

1. bann við bílastæðum á Ránargötu að norðanverðu gengt City Hótelu með undanþágu fyrir hópferðabíla og leigubíla,
 2. að bann við vinstri beygju af Snorrabraut austur Hverfisgötu verði afnumið.
- Ákvörðun þessi tekur gildi 1. nóvember 1990.

Lögreglustjórnin í Reykjavík, 8. október 1990.

Böðvar Bragason.